

Drög að atvinnustefnu Samfylkingar

Haust 2020



Samfylkingin byggir starf sitt á frelsi og lýðræði, kvenfrelsi, jafnrétti, samvinnu og samábyrgð. Samfélagsleg tækifæri og lýðræðisleg þátttaka leggur grunninn að þessum gildum. Samfylkingin leggur þannig áherslu á virka atvinnustefnu sem lykil að því að tryggja fólki fjölbreytt tækifæri til virkrar þátttöku í samfélaginu á eigin forsendum. Það er grundvallarsjónarmið Samfylkingarinnar að sérhverjum einstaklingi verði tryggð skilyrði til að rækta hæfileika sína og nýta í þágu eigin velferðar, samfélags síns og komandi kynslóða. Fyrir vinnu sína skal einstaklingurinn hljóta réttláta umbun í formi launa, orlofs auk félagslegrar verndar. Þessi sjónarmið endurspeglast í 23. og 24. gr. Mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna og eru hornsteinn atvinnustefnu Samfylkingarinnar.

Manngildi, sjálfbærni og félagslegt réttlætti eru einkunnarorð þessarar stefnu sem tekur jafnt til verkalýðssamtaka og félaga atvinnurekenda. Mannauður Íslands er ein helsta uppspretta efnahagslegra framfara og alveg eins og aðrar auðlindir landsins þarf að gæta þess að hún sé fjölbreytt og sjálfbær. Þekkingartap sem fylgir t.d. kulnun í starfi er gríðarlega kostnaðarsamt öllum samfélögum. Mikilvægt er að Ríkið tryggi sveigjanleika á vinnumarkaði þegar kemur að vinnutíma, starfshlutföllum og búsetu og hafi um það forgöngu.

Grundvallar hlutverk stjórnvalda er að styðja við atvinnulífið með það að markmiði að tryggja jöfn tækifæri, að reglur vinnumarkaðar séu virtar og þjóðfélagsleg umgjörð sé hvetjandi til þátttöku og nýsköpunar..

Með nýsköpun er ekki síst átt við þróa betur það sem vel er gert þannig að vörur og þjónusta standist nútímavæntingar og alþjóðlega samkeppni. Í dag eru vaxandi kröfur um breytta neyslu og styttri virðisæðjur í takt við markmið í loftslagsmálum og þar liggja töluverð tækifæri til framfara í íslenskum iðnaði og landbúnaði.

Jöfn tækifæri skapa grundvöll réttlátara samfélags. Tryggð afkoma og öryggi er megin verkefni samfélags jafnaðar. Leiðin að jafnrétti eru fjölbreytt tækifæri, á öllum stigum menntunar og reynslu, við allra hæfi. Tækifæri sem byggja á sjálfbærri hugsun þar sem kraftur nútímans gengur ekki á tækifæri framtíðarinnar.

Reglur vinnumarkaðarins verða að taka mið af núverandi upplýsingatækni. Ríki, sveitafélög, aðilar vinnumarkaðarins og verkalýðshreyfingin verða að hugsa til framtíðar og hvernig samkeppnishæfni verði tryggð til lengri tíma. Sveigjanleiki í vinnutíma og vinnustöð er lykill að framtíðar skipulagi á vinnumarkaði. Horfa verður til afkasta en ekki bara viðveru. Nýjar nálganir sem auka starfsánægju, auka afköst án þess að ganga á fjölskyldur og einstaklinga og hækka framlegð starfa tryggja forskot okkar í lífsgæðum og búa til eftirsóknarvert samfélag jafnaðar milli vinnu og heimilis.

Regluverk hins opinbera verður að vera hvetjandi. Réttlát skipting samfélagskökunnar þar sem sanngjörn auðlindargjöld, réttlátir skattar og uppbyggjandi fjárfestingar í innviðum verður að vera til staðar. Tryggja verður eðlilega samkeppni og æð-draga úr hringamyndun eins og hægt er. Slíkt leiðir til aukinnar framleiðni og leiðir til skapandi og verðmætra lausna. Arðsemi fjárfestinga hins opinbera í samfélaginu eru þannig ekki einungis metin á fjárhagslegum verðleikum heldur samfélagslegum. Fjárfesting í menningu er skýrt dæmi um hvernig fjárfesting margfaldar sig í samfélagslegum verðmætum.

Hvetjandi regluverk leiðir af sér nýsköpun. Frumkvöðlar þessa lands hafa í gegnum tíðina búið til ótrúleg samfélagsleg verðmæti. Nýsköpun eykur virði þess sem fyrir var og býr til verðmæti þar sem áður voru engin. Nægir að nefna sjávarútveginn þar sem frumkvöðlahugsunin hefur fært íslenskan sjávarútveg í fremstu röð í heiminum. Hvort sem litið er til tölvuleikjaiðnaðarins sem á heimsvísu er margfalt stærri en allur kvikmyndaiðnaðurinn til samans eða til genarannsóknna höfum við átt fyrirtæki í fremstu röð á heimsvísu. Þegar kemur að vinnslu matvæla annarsvegar eða stoðtækjaframleiðslu hins vegar eigum við leiðandi fyrirtæki á heimsvísu. Það er að mörgu leiti óraunhæft að ætla Íslandi smæðar sinnar vegna að keppa við laun, verksmiðjubúskap og framleiðslu heimsins. Því eru tækifæri framtíðarinnar fólgin í því að horfa til nýrra lausna og nýrra hugmynda.

Tryggja verður aðgengi að fjármagni, t.d. í gegnum erlenda og innlenda rannsóknarsjóði með því að styrkja umsóknarskrif. Óásættanlegt er að Ísland dragist aftur úr í þessum efnum sem mun á endanum valda skorti á þróun og nýjum tækifærum. Reglulega verður að endurskoða hvort nægjanlegu fjármagni sé veitt í slíka sjóði og hvort frumkvöðlahraðlar séu í réttri virkni. Þannig er samfélagsleg arðsemi af nýsköpunarsjóðum og sértækum ívilnunum oft gríðarleg og ómetanleg.

Við aðlögum markmið ESB frá Lissabon og segjum að Ísland skuli verða samkeppnishæfasta og framsæknasta efnahagsheildin, byggð á þekkingu, hugviti og nýsköpun sem verði fær um að halda uppi sjálfbærum hagvexti með fleiri og betri störfum og auknum félagslegum jöfnuði.

Fjölbreytt atvinnulíf eykur-hagsæld og stöðugleika. Engin ein atvinnugrein má stjórna og einoka umræðuna. Við þurfum að dreifa áhættunni sem hlýst af ytri áföllum, eins og t.d. hruni ferðamenskunnar, bankahruni á heimsvísu, hruni fiskistofna, hruni á álverði eða erlendum samdrætti, með fjölbreyttu og sjálfbæru atvinnulífi. Mikilvægt er að horfa til alls Íslands sem uppsprettu mannauðs og auðlinda og stíga marviss skref í að nýta staðbundin tækifæri. Stoðir atvinnulífsins verða að vera margar og fjölbreyttar.

Við stefnum-á braut nýrra hugmynda, þekkingar, sjálfbærni og velferðar. Byggja verður á reynslu fortíðar og samþættingu íslensks atvinnulífs í nútíð og fortíð, drifna áfram af nýsköpun, mannauð og samtakamætti.